

Tillögur til úrbóta í umferðaröryggismálum í Grafarvogi

Inngangur

Á fundi hverfisráðs Grafarvogs þ. 29. janúar sl. var samþykkt að stofnaður yrði umferðaröryggishópur hverfisráðs og að Jóhannes Bárðarson, varaborgarfulltrúi og fulltrúi R-lista í hverfisráði yrði formaður hópsins. Aðrir fulltrúar í hópnum voru síðan skipaðir Emil Örn Kristjánsson, íbúasamtökum Grafarvogs og Einar Ásbjörnsson, aðalvarðstjóri lögreglunnar í Grafarvogi. Auk þess starfaði með hópnum Ingibjörg Sigurþórsdóttir, framkvæmdastjóri Miðgarðs.

Strax á fyrsta fundi hópsins var ákveðið að skoða hverfið í heild sinni með tilliti til ýmissa þátta sem betur mega fara í umferðaröryggismálum og koma þeim atriðum saman í heildstæða skýrslu.

Umferðarhraði

Nokkuð ber á ósamræmi í hraðatakmarkunum í hverfinu. Sem dæmi um það má nefna að á Gullinbrú er 60 km hámarkshraði en á Strandvegi sem tekur við af Gullinbrú er 50 km hraði. Strandvegur liggur ekki í gegn um þéttbýli heldur við jaðar þéttbýlis. Í sumum íbúðagötum í hverfinu er 30 km hraði en ekki hefur verið farið í þær takmarkanir á öðrum stöðum. Það sama má segja um næsta nágrenni skóla, þar er ekki alls staðar búið að takmarka hraðann niður í 30 km.

Tillögur hópsins eru þær að í hverfinu verði samræmdur hámarshraði. Á stofnbrautum 60 km. hámarkshraði, á tengibrautum 50 km. hámarkshraði og í íbúðagötum og í næsta nágrenni skóla 30 km. hámarkshraði. Einnig er lagt til að mælitækjum sem sýna hraða bifreiða verði komið upp þar sem ekið er af stofnbrautum.

Hraðahindranir

Hraðahindranir hafa verið settar upp víða í hverfinu. Hópnum hafa borist nokkrar ábendingar frá íbúum þar sem talin er nauðsyn á að setja hraðahindranir til að hægja á umferð, þar má t.d. nefna Logafold og suðurhluta Fannafoldar.

Hópurinn telur að það vanti heildarúttekt á því hvar hraðahindranir væru heppilegar til að draga úr umferðarhraða innan hverfisins, og þeim aðgerðum verði hraðað.

Gangbrautarmerkingar

Nokkuð ber á því í hverfinu að ekki séu merktar gangbrautir þar sem göngustígar þvera umferðargötur. Einnig vantar á að gangbrautir séu nægilega vel merktar og upplýst í kring um þær.

Hópurinn leggur til að gert verði áttak í að merkja gangbrautir þar sem stígar þvera götur og merkingar á gangbrautum verði vandlega yfirfarnar í hverfinu. Mjög mikilvægt er að koma upp góðri lýsingu við allar gangbrautir. Sérstaklega er mikilvægt að huga að nágrenni skóla. Á einstaka stöðum telur hópurinn að þurfi að hafa hljóðmerki við gangbrautarljós. Hér er t.d. átt við á Gagnvegi við hjúkrunarheimilið Eir og einnig í námunda við sambýli fatlaðra í hverfinu.

Lýsing

Viða í hverfinu er lýsingu mjög ábótavant. Oft vantar upp á að lýsing við gatnamót sé nægileg. Eins þar sem göngustígar þvera götur eins t.d. á Hallsvegi, en mikil slysaþætta er við slíkar aðstæður þegar lýsing er ekki næg. Lýsing á göngustígum, sér í lagi við jaðar hverfisins, er mjög léleg eða engin.

Umferðaröryggishópurinn leggur til að lýsing við gatnamót verði yfirfarin og bætt við þar sem hún er ekki nógu góð. Mjög mikilvægt er að bæta við lýsingu þar sem göngustígar þvera umferðargötur. Eins leggur hópurinn til að skoðaðir verði rækilega möguleikar á að setja lýsingu við alla göngustíga í hverfinu, til að auka notagildi þeirra. Bent er á að hanna þarf lýsingu á stígum í jaðri hverfa með það í huga að um lágmarkslýsingu sé að ræða til að unnt sé að nýta stígana, en lýsingin valdi sem minnstri truflun fyrir umhverfið að öðru leyti.

Biðskylda / hægri réttur

Í íbúðagötum hverfisins er ýmist hægri réttur gildandi eða biðskylda. Slíkt ósamræmi í skipulagi skapar hættu þar sem fólk verður óöruggt um hvaða reglur gilda hvar. Sem dæmi má nefna stórar íbúðagötur hlið við hlið eins og Logafold og Hverafold. Í þeirri fyrrnefndu gildir hægri réttur en í Hverafoldinni er biðskylda á botnlangana. Eins þykir meðlimum hópsins nokkur óeðlilegt að nyrðri hluti Strandvegar sé með biðskyldu á syðri hluta Strandvegar á mótum Borgavegar.

Tillaga hópsins er sú að samræma þetta í hverfinu eða í það minnsta í hverfishlutum og þannig stuðla að meira öryggi vegfarenda, t.d. að hægri réttur verði tekinn upp í Hverafold til samræmis við aðrar götur í nágrenninu eða öfugt, að biðskylda verði tekin upp í götum í næsta nágrenni Hverafoldar. Hópurinn leggur til að biðskylda verði af Borgavegi yfir á Strandveg. Staða Strandvegar sem stofnbrautar verði því ljósari og meiri umferð beint á hann. Borgavegur verði tengibraut milli Strandvegar og Víkurvegar.

Skólar

Eins og fram kom í kaflanum um umferðarhraða er ekki nægilega hugað að 30 km svæðum í kring um skóla. Mikill umferðarhraði og ógætilegur framúrakstur er mjög hættulegur á þessum svæðum þar sem mikið er af gangandi börnum og unglingum.

Svo virðist sem Grafarvogur hafi setið eftir við hönnun 30 km. svæða. Umferðaröryggishópurinn leggur ríka áherslu á bæta þurfi öryggi við alla skóla hverfisins. Það þarf að undantekningarlaust að vera 30 km. hámarkshraði í nágrenni skólanna. Svæðin verða að vera vel merkt sem slík og settar upp þrengingar eða hraðahindranir. Eins er mikilvægt víða að setja upp vegrið til að fyrirbyggja framúrakstur á þessum stöðum t.d. við Foldaskóla þar sem útsýni við beygjuna er ekki mikið og mikil hættu getur myndast.

Yfirborðsmerkingar/ umferðarskilti

All víða í hverfinu eru yfirborðsmerkingar gatna lélegar og á sumum stöðum vantar þær alveg t.d. við Breiðuvík. Gangbrautarmerkingar vantar víða og eins vantar á sumum stöðum skilti þar sem þó er merkt gangbraut.

Hópurinn telur mikilvægt að allar merkingar í hverfinu séu eins og best verður á kosið, bæði yfirborðsmerkingar og einnig umferðarskilti. Mikilvægt er að hraðatakmarkanaskilti séu sem víðast. Bent er á mikilvægi þess að óbrotin miðlína sé máluð þar sem nauðsynlegt er að banna framúrakstur s.s. á Gagnvegi við Eir.

Framhjáhlaup

Á gatnamótum Víkurvegur og Fossaleynis eiga eftir að myndast miklir umferðarálags punktar s.s. við stærri uppákomur í Egilshöll.

Hópurinn leggur til að framhjáhlaup verði gerð við gatnamótin Egilshallarmegin við Víkurveg til að greiða fyrir umferð. Einnig er mikilvægt að setja upp skilti þar sem bent er á að beygja til hægri frá Egilshöll og út á Strandveg til að komast í miðbæ Reykjavíkur. Þá er mikilvægt að koma upp framhjáhlaupi frá Gagnvegi inn á Víkurveg til hægri og frá Víkurvegi inn á Gagnveg til hægri til að létt á umferð á álagstíma. Hópnum hefur borist undirskriftarlisti þar sem þrýst er á um framkvæmdir á þessum gatnamótum hið fyrsta.

Þvervegur

Mikil umferð er um Gagnveg að Þvervegi þegar jarðsetningar fara fram.

Umferðaröryggishópurinn telur að heppilegra væri að innkeyrsla í Kirkjugarðinn væri um Borgaveg, þar til Hallsvegur hefur verið tekinn í notkun, þar sem umferðin er ekki um íbúðagötu og minna um gangandi vegfarendur.

Hallsvegur (Víkurvegur/Gagnvegur)

Þar sem Hallsvegur er ekki kominn á framkvæmdaráætlun er nauðsynlegt að leysa úr umferðarhnútum sem myndast á gatnamótum Víkurvegur og Gagnvegur á ákveðnum tímum dags (sjá kafla um framhjáhlaup).

Hópurinn telur nauðsynlegt að hraða lagningu Hallsvegur sem tengibrautar inn á Víkurveg til að minnka gegnumakstur um íbúahverfið. Hins vegar leggst hópurinn gegn því að Hallsvegur verði gerður að fjörbreiðri stofnbraut út á Vesturlandsveg.

Göngustígar

Göngustígar er víða mjög illa farnir í eldri hlutum hverfisins. Tröppur farnar að molna og geta valdið hættu.

Hópurinn telur mikilvægt að hugað verði hið fyrsta að lagfæringum á göngustígum. Eins er lýsingun þeirra víða ábótavant (sjá kafla um lýsingu), og er mælt með að allir stígar í hverfinu verði lýstir.

Þar sem Borgavegur og Strandvegur mætast er þverun göngustíga nokkuð óheppileg. Þarna þarf að skoða möguleika á úrbótum.

Ýmislegt

Skilti og biðskýli sem eru við útkeyrslu RALA skyggja á úsýni á umferð um Víkurveg til beggja handa. Brýnt er að lagfæra þetta til að ekki skapist slys af.

Stór ófrágengin lóð er við Bæjarflöt þar sem gert er ráð fyrir bílastæði fyrir stóra bíla. Mikil óprýði er af þessari lóð í núverandi ástandi auk þess sem hún nýtist ekki sem bílastæði. Lagt er til að hugað verði að frágangi hennar hið fyrsta.

Reykjavík, október 2004
Umferðaröryggishópur hverfisráðs Grafarvogs,

Jóhannes Bárðarson
Emil Örn Kristjánsson
Einar Ásbjörnsson